



Balinn

menningu okkar fyrir kattarnef, ekki hvað síst myndlist. En það allt er önnur saga, og ekki meir um það hér. Eg nefni þetta aðeins til að vekja eftirtekt á, hve hreinn og beinn Kjartan er í list sinni. Hann hefur alltaf haft nokkuð sérstæða litsjón, er gerir verk hans mjög persónuleg og um leið heillandi fyrir þá, er

njóta verka hans. Eg er einn þeirra, sem fylgst hafa náið með framvindu mála hjá Kjartani Guðjónssyni um langan aldur, og því er það mér sérstök ánægja að vitna um gerninga hans á listasviðinu fram til þessa. Hann málaði löngum abstrakt, en nú er komið annað hljóð í strokkinn. Það gleður mig einnig, og

þeir, er með fylgjast, geta gert sér í hugarlund hvers vegna. En einu vil ég við bæta, að þrátt fyrir kúvendingar, skal enginn fá mig né Kjartan til að segja nokkuð í þá átt, að abstrókt list hafi ekki verið eða sé ekki stórbrotin.

Kjartan Guðjónsson hefur gert amstur daganna að viðfangsefni sínu. Þessi verk gefa góða hugmynd um, hvern hug hann ber til þess fólks, er hann umgengst og virðir. Togaramenn eiga hauk í horni, þar sem málarinn Kjartan Guðjónsson er. Þvottakonan á þar vin, er Kjartan rissar á blað. Lúnir bátar í nausti gera hann að rómantikusi, og trillukarlíni er í essinu sínu, er hann hendir fiski á land. Þannig mætti lengi telja. Nefni ég hér aðeins örfá verk, er mér leist sérlega vel á: Nr. 3, 6, 8, 10, 17, 47, 49, 52, 64 og 66. Hvergi er þessi talning tæmandi, en við sem skrifum, verðum ætíð að taka tillit til lesenda. Langar rollur lesast ekki.

Þetta er mögnuð sýning hjá Kjartani Guðjónssyni, og hún kom mér satt að segja nokkuð á óvart. Hélt hann enn vera í sínum gamla stíl, en máltækid segir, batnandi manni er best að lifa. Því ekki slá botninn í þetta skrif með hinum gömlu sannindum.

Blóm
FYRIR ÞIG ELSKAN

**Nýjung:
Pottablóm
úr silki**

Nýkomin frá Bandaríkjunum
Jólarósir
Burknar
Friðarlilja
Mánagull
og fleiri tegundir

Þýskir
silfur-
kertastjakar
fyrir 1—5 kerti

Ítalskar stytur
í gömlum stíl
Ítalskar pottahlífar
af ýmsum stærðum

BLÓMABÚÐIN
MIRA SUÐURVERI
Stígahlíð 45—47 Sími 82430

legri. Lesandinn hefur lokið við eitthvað, sem honum finnst of stuttaralegt eða vekur ekki áhuga hans, en síðan kemur hann þá að frásögn, sem hann hefði ekki viljað fara á mis við. Svo er til dæmis um dýrasögurnar, ýmis dularfull fyrirbrigði, sem eru raunsonn, og síðast en ekki síst sérkennilegar mannlýsingar og ýkju- og gamanmál.


Svo eru það frásagnirnar af lækningamætti íslenzkra jurta og hin alþýðlegu húsrád. Ekki er ólíklegt, að áhugi Björns á þessum efnum eigi þar að nokkru upptök sín, að bæði faðir hans og afi í föðurætt voru merkir læknar, en hvað sem því líður er hitt víst, að Björn hefur aflað sér mjög ahlíða þekkingar á íslenzku gróðrarríki, og kemur áhugi hans og þekking á þeim efnum víða fram í bókum hans. Hann hefur auðvitað víða leitað fanga til fróðleiks um hin fornu lækniáráð íslenzkrar alþýðu, en flest hefur hann fengið í viðtölum við fjölmargt gamalt og greint fólk í Borgarfirði.

Eg lík máli mínu með því að birta upphaf frásagnarinnar, sem Björn kallar Fönn. Þar er lýst í tiltölulega fáum orðum því yndi, sem íslenzk náttúra hefur veitt honum og mótað hefur margt það mætasta, sem hann hefur skrifað:

„Mildur blær af suðri líður yfir landið. Hann ber með sér ilm hins unga vors. Moldin angar. Sólin brosir yfir döggevotri grænni jörð. Eg lít til austurs og þakka höfundu lífsins þennan fagra morgun. Hann mun renna í sjóð minninganna og ekki gleymast. Á angursömum dögum kann hann að rísa úr djúpi hugans jafnvel fegurri en hann var.“

Mýrum, 9. nóv. 1980.

Guðmundur Gíslason Hagalín.



AUGLÝSING Þrautgóðir á raunastund

● Frásögn m.a. af Ingvarsslysinu, 11 sólarhringa hrakningum á Skeiðarársandi ásamt fjölda annarra.

Þrautgóðir á raunastund, tólfta bindið í Björgunar- og sjóslysasögu Íslands er nú komið út. Bókaflokkur þessi er nú einn víðamesti bókaflokkur sem gefinn hefur verið út hérlandis og sennilega einsdæmi að sögupáttur í lífi þjóðar hafi verið tekinn til svo ítarlegrar umfjöllunar. Slíkt er í raun og veru ekki óeðlilegt á Íslandi, þar sem afkoma fólks hefur löngum verið bundin sjávarútveginum og baráttu manna við náttúruöflin hefur verið harðneskjuleg og kostað miklar fórnir.

Sagt hefur verið um þessar bækur, að þær hafi að geyma stríðssögu Íslendinga, og víst er að margar orrustur í því stríð hafa verið hinar mannskæðustu, þótt oft hafi líka vel tekist til og menn bjargast eftir tvísýna baráttu við Ægi konung.


1903—1906

Í bók þessari er fjallað um atburði árána 1903—1906 að báðum árum meðtöldum. Í fyrri bókum hefur verið fjallað um árin 1907—1958, þannig að nú hefur senn verið rakin sextíu ára saga bjargana og sjóslysa við Ísland. Auk þess hefur eitt bindi bókaflokks-

ins verið helgað frumkvöðlum í slysavarnastarfinu á Íslandi. Margir mjög sögulegir atburðir gerðust á þeim árum sem fjallað er um í bókinni, og skal hér getið nokkurra þeirra.


Ingvarsslysið við Viðey

Eitthvert hörmulegasta sjóslys sem orðið hefur á Íslandi varð í ofsavæðri sem gekk yfir landið í apríl 1906. Þá strandaði þilskipið Ingvar skammt undan landi í Viðey, en það hafði verið ætlun skipstjórans að leita vars inni á Sundum. Sást strandið



Kápa bókarrinnar Þrautgóðir á raunastund.

frá Reykjavík, og vel flestir Reykvíkingar sem komnir voru til vits og ára fylgdust með er skipverjarnir klifruðu upp í reiða skipsins og létu þar fyrirberast meðan holskeflur riðu yfir það í sífellu. Gerðar voru tilraunir til þess að koma mönnum til bjargar, en þær voru vanmáttugar, enda engin björgunarbúnaður til staðar. Först öll áhöfn skipsins fyrir augunum á fjölda fólks, og mun enginn sem með þessum



Kúttur Ingvar sem strandaði við Viðey í apríl 1906.

harmleik fylgdist nokkru sinni hafa litið hann úr minni. Í þessu sama óvæðri strönduðu tvö þilskip við Mýrar og fórust þar með allri áhöfn, þannig að alls fórust 68 menn, flestir í blóma lífsins á þessum ör- lagabrunna degi.

Hrakningar skipbrotsmanna

Í bókinni er einnig að finna ítarlega frásögn af einstæðum hrakningum skipbrotsmanna af þýska togaranum Frederichs Alberts sem strandaði við Skeiðarársand í janúar árið 1903. 12 manna áhöfn skipsins komst heilu og höldnu í land, en ellefu sólarhringar liðu áður en einum manna tókst að komast heim að bænum Orrustustöðum á Brunasandi, og gera advart um slysið. Fundust 9 menn á lífi, en allir aðframkomnir og meira og minna kalnir. Unnu íslensku læknarnir tveir sem önnuðust skip-

brotsmennina mikið afrek og segir frá þeim lækniáðgerðum í bókinni.

Margir sögulegir atburðir

Margir aðrir atburðir sem eiga sér mikla sögu koma einnig fram í bókinni. Þannig er t.d. sagt frá miklu skadavæðri við Ísa-fjarðardjúp í janúar árið 1905, en þar fórust þá þrjár bátar og aðrir björguðust við illan leik. Hleypti einn bátur frá Aðalvík yfir Ísa-fjarðardjúp og tók land við Bolungarvík. Þótti það ganga kraftaverki næst að áhöfn hans skyldi bjargast. Nefna má einnig frásögn um strand togarans Würtenbergs við Öræfi árið 1906, sögulegri ferð Öræfinga með skipbrotsmenn af togaranum Banffshire til Reykjavíkur, hörmulegt slys við Akranes þar sem m.a. fórust fimm systkini frá bænum Kringlu við Akranes og fl. og fl.